

# Fréttabréf

september 2019

Á þessu hausti bættust 28 ný börn í hópinn okkar, 5 börn í Stóra Læk og 23 börn í Litla Læk. Nú eru samtals 96 börn í Læk á 5 deildum. Aðlögunartímabilið er álagstímabil í leikskólanum bæði fyrir nýju börnin, þau sem fyrir eru og starfsfólkið. Við leggjum áherslu á að skapa vellíðan og öryggi í barnahópnum á þessum tímamótum. Markvisst vetrarstarf hefst í lok september í Stóra Læk en um miðjan október í Litla Læk.

Nýir starfsmenn hafa bæst við starfsmannahópinn þetta haustið en það eru; Írena, Fjóla, Gugga, Hafdís, Tinna Kristín, Ásdís María, Hrönn og Miljana. Við bjóðum þær velkomnar í hópinn. Búið er að manna allar stöður í Stóra Læk en upp er komin sú staða að breytingar verða á Lynginu þar sem Inga Rut og Heiða hafa sagt upp störfum. Verið er að auglýsa eftir deildarstjóra og starfsmanni á Lyngið. Leikskólaval 9. bekkjar í Smáraskóla er hafið og erum við með 5 nema þennan veturinn í Stóra Læk. Tvær stúlkur eru á Álfhóli, tvær á Víghóli og ein á Þinghóli. Þær koma til okkar einu sinni í viku á miðvikudögum.

Við viljum ítreka við alla foreldra að starfsmönnum er raðað á deildar í samræmi við vistunartíma barna og bendum á mikilvægi þess að foreldrar virði þann vistunartíma sem keyptur er og séu meðvitaðir um þann tíma. Það munar verulega um það ef nokkur börn eru sótt of seint þar sem hluti starfsmanna er þá búinn að ljúka sínum vinnudegi. Leikskólinn lokar 16.30.

19. september er skipulagsdagur kennara, þá er leikskólinn lokaður. Dagurinn verður nýttur í fræðslu og undirbúning fyrir vetrarstarfið.

Í október - nóvember verða haldin foreldraviðtöl í Stóra Læk. Við munum auglýsa það betur þegar nær líður. Einnig minnum við á að ávallt er hægt að óska eftir samtali við deildarstjóra eða aðra stjórnendur.

Nú stýttist í að heimasíða leikskólans komist í gagnið en þangað til munum við senda ykkur tilkynningar með tölvupósti. Hlökkun til samstarfs á komandi vetri.

Sjálfræði – virðing - hlýja

